



## Athugasemdir við tillögu að starfsleyfi fyrir

### Carbon Recycling International ehf.

Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að starfsleyfi fyrir Carbon Recycling International ehf. á tímabilinu 23. október til og með 18. desember 2009 en áformuð verksmiðja mun verða staðsett í Svartsengi, Grindavíkurbæ. Umhverfisstofnun sendi að auki tilkynningar þessa efnis til CRI ehf., Skipulagsstofnunar, Brunamálstofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, Grindavíkurbæjar, HS Orku hf. og Bláa lónsins hf.

Þá hélt Umhverfisstofnun kynningarfund um starfsleyfistillöguna þann 3. nóvember 2009 í Saltfisksetrinu í Grindavík.

Tvær athugasemdir bárust og hér er gerð grein fyrir því hvernig um þær var fjallað hjá stofnuninni.

#### **Svör við innsendum athugasemdum og viðbrögð Umhverfisstofnunar:**

##### I. Skipulagsstofnun

Stofnunin benti á að bygging verksmiðjunnar hefði verið tilkynnt til hennar á grundvelli 13b í 2. viðauka laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum. Taldi stofnunin að sú lagagrein heimilaði Umhverfisstofnun ekki að gefa út starfsleyfi lengur en til tveggja ára frá gangsetningu og ætti því gildistíminn ekki að vera til ársins 2022 eins og stóð í tillögu Umhverfisstofnunar.

- Umhverfisstofnun skýrði umsækjanda frá þessari athugasemd og gerði grein fyrir því að ekki yrði komist hjá því að mati Umhverfisstofnunar að þrengja gildistímann. Umsækjandi benti þá á að ekki væri víst að verksmiðjan yrði starfrækt samfelld í tvö ár frá gangsetningu og fór fram á að tekið yrði tillit til þess að metanólframleiðsla kynni að liggja niðri við og við vegna þess að hún yrði prófuð í þrepum auk þess sem uppsetning hreinsibúnaðar myndi valda rekstrarstöðvun. Stofnunin féllst á þetta sjónarmið og miðar útgefinn texti við gildistíma í 8 ár og að þar af sé heimild til að framleiða metanól samanlagt í gildi í tvö ár.

##### II. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja

- i. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja lagðist gegn því að umsækjanda yrði gefið svigrúm til að láta algerlega óhreinsaða fráveitu fara í jarðveg þó í takmarkaðan tíma yrði. Ekki skuli auka þá mengun sem þegar er til staðar.



- Umhverfisstofnun fellst á það sjónarmið að gera skuli frekari ráðstafanir þrátt fyrir að niðurbrot metanóls sé mjög hratt við þessar aðstæður. Starfsleyfið kveður því á um bráðabirgðaráðstafanir til að takmarka mengunina.
- ii. Óskað var eftir því að tilgreint yrði að starfsemin næði einungis yfir framleiðslu á metanóli en ekki öðru eldsneyti.
- Ekki hefur verið gefið leyfi fyrir öðru en framleiðslu metanóls.